

Hvernig valdirðu sérgrein þína? Hvar lærðir þú og hvaða ráð viltu gefa ungum læknum?

Fjölbreyttar áskoranir – engir tveir dagar eins

Á menntaskólaárunum vaknaði áhugi minn fyrir læknisfræði og ég útskrifaðist sem læknir frá HÍ 1983. Við tók kandi-datsár á Landakotsspítala sem var mjög lærdómsríkt með mikilli viðveru og löngum og tíðum vöktum. Helgarvakt byrjaði til dæmis klukkan 8 á föstudagsmorgni og vinnu lauk ekki fyrr en eftir hádegi á mánudegi. Þetta þótti sjálfsgagt þá en hefur sem betur fer breyst síðan.

Sem læknanemi vann ég við afleysingar á heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni, sem var bæði áhugavert og gefandi. Ég var farinn að íhuga að verða héraðslæknir en til að verða öruggur í slíku starfi taldi ég mig þurfa þjálfun í endurlífgun og meðferð bráðveikra. Í þeim tilgangi hóf ég störf sem aðstoðarlæknir á svæfinga- og gjörgæsludeild Borgarspítalans árið 1984. Þar starfaði úrvalslíð fagfólks undir stjórn Þorbjargar Magnúsdóttur yfirlæknis og þrátt fyrir mikla og krefjandi vinnu, var mjög gott andrúmsloft á deildinni. Auk Þorbjargar voru starfandi sérfræðingar deildarinnar Ólafur Þ. Jónsson, Bergþóra Ragnarsdóttir, Ólafur Z. Ólafsson, Páll Ammendrup, Ragnar Finnsson og Arnaldur Valgarðsson og voru þau mér öll miklar fyrirmyndir. Ég heillaðist af starfseminni og ákvað að leggja þessa sérgrein fyrir mig og hef aldrei séð eftir því.

Sumarið 1985 var samnorraent þing svæfingalækna haldið hér á landi þar sem ég var kynntur fyrir læknum frá Háskólasjúkrahúsinu í Lundi í Svíþjóð. Stuttu síðar var mér boðin sérnámsstaða þar sem ég þáði og hóf störf við Lundarspítala haustið 1985.

Dvölin í Lundi var afar lærdómsrík og gefandi. Lundarspítali er sérhæft háskólasjúkrahús sem þjónar um tveimur

milljónum íbúa og þar var alltaf mikið að gera. Á deildinni störfuðu mjög hæfir sérfræðingar, þjálfun og kennslu var vel sinnt auk þess sem mikil vísindavinna var stöðugt í gangi. Ég er sannfærður um að sérnám erlendis er læknum mjög mikilvægt. Starfsemi á stórum sjúkrahúsum erlendis er umfangsmikil og fjölbreytt og lækna- og öðlast mikla klíniska reynslu á tiltölulega stuttum tíma. Það er mikið átak að flytja til annarra landa og hefja búsetu þar en ég naut aðstoðar Boga Ásgeirssonar og Aðalbjörns Þorsteinssonar sem höfðu hafið sérnám þar ári fyrr.

Ég varð sérfræðingur í svæfinga- og gjörgæslulækningum árið 1989 og fékk sérfræðingsstöðu í Lundi í framhaldinu. Að mínu mati er tíminn eftir sérfræðingsviðurkenningu mjög dýrmætur en þá eykst þekking, reynsla og sjálfstæði í klínískri vinnu til muna. Árin í Lundi voru mjög góð, ég öðlaðist mikilvæga klíniska reynslu og var farinn að huga að rannsóknaverkefnum. Ég hafði

Ég varð sérfræðingur í svæfinga- og gjörgæslulækningum árið 1989 og fékk sérfræðingsstöðu í Lundi í framhaldinu. Að mínu mati er tíminn eftir sérfræðingsviðurkenningu mjög dýrmætur en þá eykst þekking, reynsla og sjálfstæði í klínískri vinnu til muna.



Kristinn Sigvaldason
svæfinga- og gjörgæslulæknir

mikinn áhuga á gjörgæslulækningum og vann mest á gjörgæsludeildinni. Það kom þó að því að hugurinn fór að leita aftur til áttahaganna. Vorið 1993 kannaði ég möguleikann á stöðu á Íslandi og hafði samband við Ólaf Þ. Jónsson sem þá var yfirlæknir deildarinnar á Borgarspítala. Ég hafði leyst þar af á hverju sumri þau átta ár sem við fjölskyldan bjuggum í Lundi. Vel var tekið í þessa umleitun og mér bauðst staða við deildina. Það var því að hrökkva eða stökkva og við fjölskyldan ákváðum að flytja heim. Ég hóf störf á Borgarspítala sumarið 1993 og hef unnið í Fossvogi síðan. Eftir heimkomuna starfaði ég mest á gjörgæsludeild og tók síðan við nýrri stöðu yfirlæknis deildarinnar árið 2003.

Ég tel mikilvægt að fylgjast með framförum og nýjungum í faginu til að tryggja áframhaldandi framþróun í meðferð bráðveikra sjúklinga hér á landi. Árlega eru haldnar alþjóðlegar ráðstefnur um gjörgæslumeðferð þar sem kynntar eru niðurstöður nýjustu rannsókna, haldin málþing og fluttir fræðslufyrirlestrar. Ég er sannfærður um að sá samningsbundni réttur sjúkrahúslækna að sækja þing erlendis árlega sé afar mikilvægur og stuðli að framförum í öllum sérgreinum. Ég tel að lækna- og öðlast að standa vörð um þetta atriði í kjarasamningum þar sem það hjálpar okkur að viðhalda þekkingu og veita eins góða meðferð og mögulegt er.

40% tjill, 55% mikið að gera og 5% panikk

Það hafði nú alltaf einhvernveginn legið fyrir að ég myndi fara í læknisfræði, allt frá því að ég ákvað að verða ekki dýralæknir 10 ára gamall. Svo les maður læknisfræði, fer í gegnum alla kúrsana og finnst sumt spennandi annað ekki. Skurðlæknisfræði þótti mér spennandi. Ég gerði rannsóknarverkefni á fimmta ári á skurðsviði til að fegra CV-ið og auka líkurnar á því að fá stöðu á kirurgi-unni. Langaði mig kannski að verða lýtalæknir?

Mér fannst samt sniðugt að sækja um á svæfingunni eftir kandidateisráðið svona bara til öryggis. Það var nefnilega þannig að stöðurnar á skurðinu voru auglýstar svo seint og væri hart að vera atvinnulaus ef maður fengi ekki ráðningu ogneyðist til að fara út í hérað! (komst svo að því síðar að það er bara mjög gaman). Í þá dagana var nóg að senda tölvupóst á yfirlækna svæfingar-deildanna og fara í röð eftir stöðu. Mér bauðst staða á Hringbraut strax eftir kandidateisráð sem hentaði vel, þá gæti ég klárað þessa 6 mánuði sem tíðkaðist að sérnámslæknar á skurðsviði tækju, eftir það gæti ég farið að vinna á skurðsviði. Svo man ég að ég sat einn daginn inni á skurðstofunni í langri aðgerð og horfði yfir tjaldið á sveittan skurðlækninn sem þar hafði staðið í marga klukkutíma meðan ég hafði farið á klósettið tvisvar, einu sinni í kaffi og hádegismat og hugsaði: „er þetta í alvörunni eitthvað fyrir mig?“ Svárið var einfalt, nei.

Svæfingin átti mjög vel við mig og ég fann mig algjörlega í faginu. Svæfinga-

og gjörgæslulækningar eru gríðarlega fjölbreytt fag. Við eigum samskipti við nánast allar sérgreinar spítalans, erum viðstödd þegar börn fæðast og þegar fólk deyr, erum góð í physiologiu og allskonar skrítnum lyfjum, erum partur af skurðstofuteymi, sinnum veikustu sjúklingum spítalans, meðhöndlum bráða og króníska verki, sinnum utanspítalaþjónustu í flugvél og þyrlum og erum rosalega kaldhæðin. Úr varð að ég ákvað að halda til Gautaborgar í sérnám í svæfinga- og gjörgæslulækningum.

Líkt og hjá öllum voru það mikil viðbrigði að fara af litla Landspítalanum yfir á eitt af stærstu sjúkrahúsum Norðurlanda; nýjar rútínur, nýtt tungumál, svakalegt magn af flóknum tilfellum. Tíminn í Svíþjóð var mjög skemmtilegur og lærdómsríkur. Ég hugsa alltaf til þess tíma með þakklæti, tel mig ótrúlega heppinn að hafa fengið mína sérmenntun og unnið með frábæru samstarfsfólki og mentorum. Skemmtilegt þótti mér að búa í borg og upplifa alvöru sumur í Skandinavíu, kynnast annarri menningu og fólki frá öllum heims-

Svæfinga- og gjörgæslulækningar eru gríðarlega fjölbreytt fag. Við eigum samskipti við nánast allar sérgreinar spítalans.



Einar Freyr Ingason
svæfinga- og gjörgæslulæknir

hornum, skipuleggja líf mitt í vikutali og borða dill í öll mál. Það var svo mikil upplifun að vinna sem svæfingalæknir þegar COVID skall á í byrjun 2020. Viðbrögð Svía þóttu að mörgu leyti afslappaðri og frábrugðin þeim aðferðum sem nágrannalöndin beittu í baráttunni við veiruna. Ég vann ófár vaktirnar á COVID-gjörgæslum Sahlgrenska þar sem maður upplifði margt óvenjulegt og átakanlegt á krísutímum. Þessi upplifun var um leið mjög lærdómsrík og gerði mig að betri lækni. Ég upplifði að stjórnvöld gerðu ekki allt sem þau gátu og fann fyrir öryggisleysi. Ofan á það, fjar samband í ferðatakmarkunum. Kominn var tími til að flytja aftur til Íslands eftir stutt fjögur ár í Gautaborg.

Ég ákvað að ráða mig sem svæfingalækni í Fossvoginn. COVID geisadði fyrstu mánuðina eftir heimkomu en gekk sem betur fer yfir að lokum. Á Landspítala í Fossvogi hef ég blómstrað sem ungur sérfræðingur, verkefnið næg og oftast krefjandi. Sérfræðingar á okkar deild eru hvattir til að sækja sér frekari menntun og ég fór í tveggja ára gjörgæslunám sem ég tel mikil forréttindi. Svo nú er ég hér í dag, svæfingalæknir sem vinnur aðallega á gjörgæslunni. Ég mæli svo sannarlega með faginu!